

Því nægar sönnur, að óheimilt hafi verið að veita stefnanda umrætt einkaleyfi vegna ákvæða 4. töluliðs 2. málsg. 1. gr. einkaleyfislaganna, og verður sú sýknuástæða hans því ekki heldur tekin til greina.

Aðrar varnarástæður hefur stefndur ekki haft uppi í málinu, og getur sýknukrafa hans því ekki orðið tekin til greina.

Því hefur verið hreyft af hálfu stéðs, að endurgjaldið til stefnanda fyrir notkun hinnar einkaleyfðu uppgötvunar hafi ekki verið ákveðið í samræmi við ákvæði 9. sbr. 8. gr. einkaleyfislaganna. Ekki verður séð, að þau ákvæði eigi hér við, og þar sem fjárhæð dómkjöfunnar hefur ekki verið mótmælt út af fyrir sig, verða úrslit málsins þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið. Eftir öllum atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Nokkur dráttur hefur orðið á því, að mál þetta yrði tekið til munnlegs málflutnings og dómsálagningar eftir uppkvaðningu áðurnefnds hæstaréttardóms. Dráttur þessi stafar að mestu leyti af því, að aflað hefur verið margra nýrra gagna í málinu, en að öðru leyti af miklum önnum við borgardómaraembættið.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Magnús Guðmundsson, greiði stefnandanum, Guðjóni Samúelssyni, kr. 400.00, með 6% ársvöxtum frá 17. sept 1942 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. júní 1945.

Kærumálið nr. 6/1945. Vigfús Pálmason

gegn

Ragnari Guðmundssyni og Ólöfu Sveinsdóttur.

Aðiljaskýrslu krafizt.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara í Reykjavík.

Með kæru 17. maí 1945, er hingað barst 2. júní s. á., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði fógætaréttar

Reykjavíkur 11. maí s. á., þar sem sóknaraðilja er synjað þess, að tilteknar aðiljaspurningar verði bornar upp fyrir varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður þessi verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir dómarmann að bera greindar spurningar upp fyrir varnaraðilja. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Af hálfu varnaraðilja er krafist staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hæstaréttardómur frá 5. marz 1945, sem til er vitnað í hinum áfrýjaða úrskurði, ber það með sér, að varnaraðiljar höfðu ekki fyrirgert áfrýjunarheimild vegna fjarvistar úr leiguíbúð sinni í húsi sóknaraðilja sumarið 1944. Að öðru leyti var ekki í greindum hæstaréttardómi dæmt um skipti aðilja eftir að fógetaúrskurður gekk í máli þeirra 14. júlí 1944.

Svör varnaraðilja við 9. og 10. spurningu sóknaraðilja um það, hvert varnaraðiljar hafi flutzt, er þeir komu að norðan, og hve stóra íbúð þau hafi þá fengið, virðast ekki skipta máli í deilumáli aðilja. Hins vegar þykir rétt, að lagt sé fyrir varnaraðilja að svara öðrum spurningum sóknaraðilja á héraðsdómsskjali nr. 19, sbr. 114. og 116. gr. laga nr. 85/1936. Verður samkvæmt því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi að því leyti.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að varnaraðiljar greiði in solidum sóknaraðilja málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Fógeta ber að leggja fyrir varnaraðilja spurningar þær, er greinir í héraðsdómsskjali nr. 19, að 9. og 10. spurningum undanteknum.

Varnaraðiljar, Ragnar Guðmundsson og Ólöf Sveinsdóttir, greiði in solidum sóknaraðilja, Vigfúsi Pálmasyni, 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 11. maí 1945.

Umboðsmaður gerðarþola hefur krafizt þess, að aðiljaspurningar nr. 1—15 á rskj. 19 verði bornar upp fyrir gerðarbeiðanda, Ragnari Guðmundssyni, sem er staddur hér í réttinum, og einnig fyrir konu hans, sem hér er fjarstödd. Áður hefur umboðsmaður gerðarþola skorað á gerðarbeiðanda og konu hans að mæta hér í réttinum til skýrslugjafar. Spurningarnar á rskj. 19 virðast allar lúta að brottflutningi gerðarbeiðanda úr hinni umdeildu íbúð eða skiptum málsaðilja út af brottflutningnum.

Hinn 14. júlí s. l. kvað fógeti upp úrskurð um það, að gerðarbeiðandi máls þessa skyldi borinn út úr íbúð sinni á Baldursgötu 32. Úrskurði þessum var áfrýjað, og með dómi hæstaréttar uppkv. 5. marz s. l., var hann úr gildi felldur. Útburður samkvæmt hinum áfrýjaða úrskurði hafði aldrei verið framkvæmdur, en áður en málið var flutt í hæstarétti, hafði gerðarbeiðandi máls þessa flutzt úr hinni umdeildu íbúð og tekið sér bólfestu annars staðar, a. m. k. um stundarsakir. Er hann nú, að fengnum áðurgreindum hæstaréttardómi, hugðist að flytja aftur í hina umdeildu íbúð, hafði gerðarþoli máls þessa ráðstafað henni til afnota fyrir annað fólk. Sneri gerðarbeiðandi sér þá til fógetans með beiðni um, að hann yrði með beinni fógetagerð settur inn í umráð íbúðarinnar með tilvísun til hæstaréttardómsins.

Ein af ástæðum þeim, sem gerðarþoli byggir mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar á hér fyrir réttinum, er, að gerðarbeiðandi hafi svipt sig rétti til að fá aftur umráð hinnar umdeildu íbúðar með því að rýma hana fyrirvaralaust af sjálfsdáðum. Eins og áður getur, hafði gerðarbeiðandi þegar rýmt íbúðina áður en málið var flutt fyrir hæstarétti, og var það atriði upplýst fyrir hæstarétti. Verður því að ætla, að hæstiréttur hafi í dómi sínum tekið afstöðu til þessarar málsástæðu. En þar sem spurningarnar á rskj. 19 virðast allar beint eða óbeint lúta að henni, verður að telja þær óþarfar og ofaukið í máli þessu, og verða þær því ekki gegn mótmælum umboðsmanns gerðarbeiðanda lagðar fyrir gerðarbeiðanda né konu hans.

Því úrskurðast:

Spurningarnar á rskj. 19 skulu ekki lagðar fyrir gerðarbeiðanda né konu hans.